



BÚÐARHÁLSSTÖÐ Í ÁSAHREPPI OG RANGÁRÞINGI YTRA

Deiliskipulagsbreyting

21.11.2022



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann _____

f.h. Ásahrepps

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

1611-311-DSK-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------|--|---|
| 1 | INNGANGUR | 4 |
| 1.1 | Skipulagsgögn | 4 |
| 2 | FORSENDUR | 4 |
| 2.1 | Tengsl við aðrar áætlanir | 4 |
| 2.1.1 | Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 | 4 |
| 3 | DEILISKIPULAG - SKIPULAGSSKILMÁLAR | 5 |
| 3.1 | Breytingar á uppdrætti | 5 |
| 3.2 | Breytingar á greinargerð | 5 |
| 3.2.1 | Iðnaðarsvæði | 5 |
| 3.2.2 | Efnisnámur | 5 |
| 4 | UMHVERFISMATSSKÝRSLA | 5 |
| 5 | SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ | 6 |
| 5.1 | Umsagnaraðilar deiliskipulagsbreytingar | 6 |
| 5.2 | Skipulagsferli | 6 |

1 INNGANGUR

Landsvirkjun vinnur að breytingu á deiliskipulagi fyrir Búðarhálsstöð. Mannvirki stöðvarinnar eru í tveimur sveitarfélögum; Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Breytingin nær einungis til Ásahrepps.

Með breytingunni er skipulagssvæðinu breytt og sá hluti þess sem náði yfir Hrauneyjafossstöð er felldur út. Þrjár námur sem komnar eru undir Sporðöldulón eru felldar úr. Engar nýjar framkvæmdir eða mannvirki verða heimiluð. Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er unnið deiliskipulag fyrir Hrauneyjafossstöð. Breytt afmörkun skipulagssvæðisins er 7543 ha.

Deiliskipulag fyrir Búðarhálsstöð er frá því í júní 2001. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því. Að öðru leyti en því sem að aftan greinir gilda skilmálar eldra deiliskipulags, með síðari breytingum.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:20.000, sem sýnir breytt deiliskipulag og gildandi deiliskipulag.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatskýrslu.

2 FORSENDUR

Gildandi deiliskipulag fyrir Búðarhálsstöð nær yfir hluta af mannvirkjum Hrauneyjafossstöðvar. Landsvirkjun vinnur að gerð deiliskipulags fyrir Hrauneyjafossstöð og þess vegna þarf að breyta afmörkun deiliskipulags Búðarhálsstöðvar. Einnig eru efnistökusvæði sem lentu undir Sporðöldulóni felld út, enda ekki hægt að vinna efni úr þeim lengur.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir Búðarhálsstöð og mannvirkjum hennar. Búðarhálsstöð er á iðnaðarsvæðinu I4. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum efnistökusvæðum og Sporðöldulóni. Hverfisverndarsvæðið HV4 Búðarháls – Þóristungur liggur að Sporðöldulóni. Markmið fyrir hverfisverndarsvæðið er að halda framkvæmdum í lágmarki innan svæðisins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir skógrækt á austurbakka Tungnaár, skógræktarsvæðið SL4, og meðfram stíflu Sporðöldulóns. Stærsti hluti skógræktarsvæðisins er innan Hekluskóga.

Í deiliskipulagi verður bætt inn heimild fyrir skógrækt á iðnaðarsvæði meðfram stíflu, yfirfalli og botnrás Sporðöldulóns.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við stefnu aðalskipulags.

3 DEILISKIPULAG - SKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Breytingar á uppdrætti

Mörk skipulagssvæðisins eru færð til norðurs við Hrauneyjafossstöð, þannig að mannvirki hennar séu utan skipulagssvæðis Búðarhálsstöðvar. Skipulagssvæðið minnkar úr 8325 ha í 7543 ha.

Fellt er út iðnaðarsvæði umhverfis Hrauneyjafossstöð, aðrennslisskurð að stöðinni og frárennslisskurð frá henni.

Felld eru út þrjú efnistökusvæði í Sporðöldulóni; E7, E8 og E10 og eitt efnistökusvæði við Hrauneyjafossstöð E6, sem verður fyrir utan skipulagssvæðið eftir breytinguna.

3.2 Breytingar á greinargerð

3.2.1 Iðnaðarsvæði

Felld er brott umfjöllun um iðnaðarsvæði Hrauneyjafossstöðvar. Iðnaðarsvæðið tók til yfirfalls, Hrauneyjalóns, aðrennslisskurðar, stöðvarhúss og frárennslisskurðar.

Texti í gildandi greinargerð um stíflustæði Sporðöldulóns:

- Stíflustæði Sporðöldulóns. Tekur til stíflunnar, aðrennslisskurðar, botnrásar og yfirfalls. Stærð er um 140 ha.

Texti í breyttri greinargerð um stíflustæði Sporðöldulóns:

- Stíflustæði Sporðöldulóns. Tekur til stíflunnar, aðrennslisskurðar, botnrásar og yfirfalls. Heimilt er að vera með skógrækt innan svæðis, svo fremi að hún takmarki ekki aðgang að mannvirkjum til viðhalds og eftirlits. Mælst er til þess að notaðar verði innlendar trjátegundir. Stærð svæðis er um 140 ha.

3.2.2 Efnisnámur

Felld er brott umfjöllun um efnistökusvæðin E6, E7, E8 og E10.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við breytingar á deiliskipulagi skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á umhverfisþætti, eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Stór hlut þess svæðis sem felldur er út úr deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar verður innan deiliskipulags Hrauneyjafossstöðvar. Þess vegna er ekki talin ástæða til að bera saman valkosti heldur er gerð grein fyrir áhrifum af breytingunni.

Þrjár af þeim fjórum námum sem felldar eru brott eru komnar undir vatn og verða því ekki nýttar áfram. Náman við Hrauneyjafossstöð er á aðalskipulagi en ekki lengur innan skipulagssvæðis Búðarhálsstöðvar. **Áhrif af breytingunni eru metin óveruleg.**

Á iðnaðarsvæði við Sporðöldustíflu er heimilt að vera með skógrækt. **Áhrif af skógrækt eru metin jákvæð** því svæðið er lítt gróið, skógur bindur kolefni, dregur úr ásýnd Sporðöldustíflu og stuðlar að náttúrulegu yfirbragði svæðisins.

Á heildina litið eru áhrif af breytingunni metin óveruleg/jákvæð.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 43. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreytingin var unnin í samráði verkkaupa og sveitarfélagsins. Samráð var haft við Forsætisráðuneytið þar sem svæðið er innan þjóðlendu.

5.1 Skipulagslýsing

Umsagnir um skipulagslýsingu bárust frá eftirtöldum aðilum: Forsætisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun. Við vinnslu deiliskipulags var tekið tillit til athugasemda, eftir því sem við átti.

5.2 Umsagnaraðilar deiliskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum um breytinguna frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Rangárþing ytra

5.3 Skipulagsferli

